

Nr. 640

7. júlí 2009

AUGLÝSING um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

1. *Deiliskipulag frístundahúsalóðar úr landi Votumýrar 2.*

Í deiliskipulaginu er mörkuð 6,1 ha lóð fyrir allt að 300 m² frístundahús á einni hæð. Mesta hæð mænis er 6,5 m frá gólfplötu og þakhalli má mestur vera 45°.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2009.

2. *Endurskoðun deiliskipulags frístundabyggðar í landi Stóra-Hofs.*

Í deiliskipulaginu felst að á 120 ha svæði er gert ráð fyrir 85 lóðum. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03 en hámarksbyggingarmagn skal ekki fara yfir 200 m². Auk þess er heimilt að stækka núverandi skemmu í 300 m² og reisa allt að 150 m² þjónustu- og salernishús.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. júní 2009.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. júlí 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. júlí 2009